



# Keflavík íþrótt- og ungmennafélag

598. stjórnarfundur 21. mars 2023 kl. 18:00

Mættir: Einar Haraldsson, Birgir Már Bragason, Garðar Már Newman, Björg Hafsteinsdóttir, Jónína Steinunn Helgadóttir og Sveinbjörg S. Sigurðardóttir.  
Fjarverandi: Eva Björk Sveinsdóttir og Garðar Örn Arnarsson

## 1. Skipting stjórnar

Tillaga formanns, Birgir Már Bragason varaformaður, Eva Björk Sveinsdóttir ritari, Garðar Newman gjaldkeri og Björg Hafsteinsdóttir meðstjórnandi. **Tillagan samþykkt.** Í varstjórn eru Jónína Steinunn Helgadóttir, Sveinbjörg Sigurðardóttir og Garðar Örn Arnarsson.

## 2. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð samþykkt.

## 3. Innkomin bréf

Baun Barna og ungmennahátíð 27. apríl til 7. Maí.

Bókun íþrótt- og tómstundaráðs - Erindi frá Fimleikadeild Keflavíkur Þjálfarastyrkur 2-6 ára.

Bókun íþrótt- og tómstundaráðs - Samningur við knattspyrnudeild, rekstur knattspyrnusvæða.

Erindi frá Reykjanesbæ varðar stuðning fyrirtækja til íþróttar í Reykjanesbæ.

Fréttabréf ÍSÍ: Íslensku lýðheilsuverðlaunin, Lífshlaupinu 2023, Fundir forseta ÍSÍ með

sambandsaðilum, Ársþing og heiðranir ÍSÍ, Íþróttþing ÍSÍ verður haldið í Ólafssal að

Ásvöllum í Hafnarfirði 5. til 6. maí nk., Verkefnið European Young Ambassadors (EYOA),

Ólympíuhátíð Evrópuæskunnar 2023, Yfirlýsing vegna stöðu mála í Úkraínu, Þriðju

Evrópuleikarnir 21. júní til 2. júlí nk. í Póllandi, Hlutverk Lyfjæftirlits Íslands (LÍ) útvíkkað,

Reykjavík Internationals Games (RIG), Úthlutun úr Afrekssjóði ÍSÍ, Málþing um

keppnisíþróttir einstaklinga með þroskahamlanir og einhverfu.

Fréttabréf UMFÍ Starfsemi Ungmennabúða UMFÍ hafa stöðvast vegna myglu í húsnæðinu og

nú hefur verið ákveðið að loka ungmennabúðum á Laugarvatni.

Boð á formannafund ÍRB 22. febrúar í golfskála GS.

Stef varðandi stefgjöld. **ÍSÍ er að skoða málið.**

Umsögn RNB vegna rekstrarleyfis – Keflavík, íþrótt- og ungmennafélag, Sunnubraut 34.

Leyfisbréf, Rekstrarleyfi.

Leigusamningur við Frumherja.

UMFÍ fréttabréf umsókn um Landsmót 50+ fyrir árið 2024.

Fundagerðir deilda knattsp, Bur knattsp, taekwondo og skotdeildar.

## 4. Send bréf

Bréf á deildir vegna notkunar Holtaskóla á félagsheimilinu okkar.

Bréf til ÍT ráðs beiðni um aðstoð á völlum í sumar.

Bréf á bæjarstjórn Leyfisveitingar vinnveitingarleyfi.

Bréf á bæjarstjórn Umsókn um niðurfellingu fasteignagjalda fyrir 2023 Hringb. 108 Keflavík.

Ýmsir tölvupóstar sendir á stjórnir og ráð.



## 5. Aðalfundur Keflavíkur

Aðalfundur Keflavíkur fyrir starfsárið 2022 var haldinn miðvikudaginn 15. febrúar kl. 19:00. Einar Haraldsson kjörin formaður og nýr inn í varastjórn var kjörinn Garðar Örn Arnarsson. Kári Gunnlaugsson lét úr stjórn eftir 29 ára stjórnarsetu og þar af 25 ár sem varaformaður. Kári var heiðraður með gullheiðursmerki félagsins. Silfurheiðursmerki var veitt Kristjáni Jóhannssyni og Ingvar Georgsson fékk starfsbikarinn. Formaður UMFÍ Jóhann Steinar Ingimundarson sæmdi þau Benediktu Benediktsdóttur og Björgvin Magnússon kvennaráði knattspyrnudeildar, Guðrínu Jónu Árnadóttur sund- og blakdeild og Ragnar Franz Pálsson skotdeild starfsmerki UMFÍ

6. Formanna- gjaldkera- og framkvæmdastjórafundur 11. eða 12 apríl efir því hvernig KKÍ raðar niður úrslitakeppninni. Farið yfir drög að dagskrá fundarins.  
**Ákveðið að varaformaður stýri fundinum.**

## 7. Önnur mál

- A. Framkvæmdastjóri knattspyrnudeildar kom með erindi í byrjun fundar.  
**Samþykkt að veita styrk og lán.**
- B. Holtaskóli er nú með nokkur rími hjá okkur vegna myglu í Holtaskóla.
- C. ÍSÍ er að skoða með stefgjöldin.
- D. Formannafundur ÍRB var haldinn 22. febrúar í Golfskála GS. Ákveðið var að skipa nefnd til að endurskoða reglur um kjörið á íþróttakarli og -konu Reykjanesbæjar og einnig hvort ætti vera með þetta sem eina samkomu þar sem aðildafélög ÍRB heiðrar sitt íþróttafólk allt í sama viðburðinum.  
**Garðar Örn Arnarsson er tilnefndur af aðalstjórn Keflavíkur og er búið að tilkynna það.** Varðandi árskort á leiki knattspyrnu- og körfuknattleiksdeildar fyrir stjórnarmenn aðalstjórnar. **Framkvæmdastjóra falið málið og ganga frá því með sama hætti og árin á undan.**
- E. Ósk um leyfi til að kaupa skurðarplotter fyrir deildir félagsins.  
**Framkvæmdastjóra veitt heimild.**
- F. Uppgjör á porrablóti.
- G. Leyfisbréf Rekstrarleyfi – Veitingastaður. Keflavík er komið með rekstrarleyfi fyrir Sunnubraut 34.
- H. Fræðsla fyrir þjálfara var 14. mars hér í stóra salnum í íþróttahúsinu. Stefnt að áframhaldandi námskeiðum fyrir iðkendur og foreldra.

Fundi slitið kl. 19:50

Næsti fundur verður þriðjudaginn 28. mars 2023 kl.17:00

Fundinn ritaði Einar Haraldsson

